

Gleðilegan baráttu- og hátíðisdag.

Fyrir hönd Stefnu, félags vinstri manna, segi ég fundinn settan og býð alla velkomna. Þetta er í 17. skiptið sem Stefna efnir til árdegisfundar 1. maí á alþjóðlegum baráttu- og hátíðisdegi verkalýðsstéttarinnar. Þann fyrsta héldum við vorið 1999 stuttu eftir að félagið varð til en auk þess höfum við haldið allnokkra fundi af ýmsu tagi á umliðnum árum.

Við minnumst í dag brautryðjenda verkalýðshreyfingarinnar með þökk og virðingu, sem helguðu 1. maí stéttabaráttunni og sósíalísmannum og geðru rauða fánann að tákni baráttunnar. Markmið þeirra og hugsjón var að kveða í fátækt fólk móð til að rísa upp gegn þjóðfélagslegu ranglæti og heyja lífsbaráttuna saman. "frelsun verkalýðsstéttarinnar verður að vera verk verkalýðsstéttarinnar sjálfrar" eins og Karl Marx orðaði það forðum.

Langt fram eftir síðustu öld sótti verkalýðshreyfingin þrótt og baráttuþrek í arfleifð brautryðjendanna og lét mikið að sér kveða. Auk baráttunnar fyrir vinnu og mannsæmandi launum knúði hún fram 8 stunda vinnudag, hvíldartíma á togurum, orlof handa öllu launafólki og almannatryggingar af ýmsum toga. Margt af þessu var árangur af löngum og ströngum verkföllum. Löggin um atvinnuleysistryggingar voru t.d. knúin fram eftir 6 vikna verkfall árið 1955 og tóku gildi árið eftir. Ekki má gleyma baráttunni fyrir lífeyrissjóðunum en skyldugreiðslur í þá hófust árið 1970, né baráttunni fyrir félagslegu húsnæði. Stórt skref í þeim efnunum var stigið 1929 er Alþingi samþykkti löggin um verkamannabústaði.

Allt sem ég hefi hér upp talið þykja sjálfsögð réttindi í dag. Það þurfti harðvítuga baráttu til að ná því fram og hollt er öllum þa muna við hvaða öfl var barist. En verkalýðshreyfingin lét ekki þar við sitja. Hún barðist gegn erlendri hersetu á Íslandi, einkum á árunum 1945-1951, gegn inngöngu Íslands í NATO 1945, gegn inngöngu Íslands í Efnahagsbandalag Evrópu (en svo hét fyrirrennari Evrópusambandsins) 1962 og fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómíli í fjórum áföngum á árunum 1952-1975.

Við í Stefnu lítum ekki bara um öxl og yljum okkur við glæsta baráttusögu verkalýðshreyfingarinnar. Við horfum líka fram um veg og setjum fram kröfur í tilefni dagsins þó að við höfum því miður ekki afl til að hrinda þeim í framkvæmd - en ljúft er að láta sig dreyma. Á árunum 1968-1970 voru hörð verkföll í landinu í 2-3 vikur í senn. Síðan hefur ASÍ ekki staðið fyrir meirihátta verkfalli, m.ö.o. sagði sambandið skilið við stéttabaráttuna en tók upp stéttasamvinnu í staðinn með vaxandi miðstýringu og sérfræðingaveldi og uppskar einangrun og áhugaleysi frá grasrótinni í félögunum. Öðru máli gegnir um ýmis önnur félög launamanna; kennarafélögin, félög heilbrigðisstarfsfólks, félögin innan BHM og tvö verkalýðsfélög á Akranesi og Húsavík. Þar er enn glóð í arni. Nú hefur Framsýn á Húsavík rekið fleyg í samstöðu atvinnurekenda með því að semja um kröfur Starfsgreinasambandsins við fjögur fyrirtæki á sínu svæði.

1. mars 2009 þegar kaupmáttur launa hafði rýrnað um 10% á einu ári samdi ASÍ um frestun umsaminnar launahækkunar í 8 mánuði. Öðruvísi mér áður brá. Hörðustu stéttaátök á Íslandi áttu sér stað í miðri heimskreppunni á 4. áratug síðustu aldar, þ.e. Gúttóslagurinn í Reykjavík 1932 og Nývudeilan á Akureyri 1933. Í báðum tilvikum ætluðu verkalýðsfjandsamlegar bæjarstjórnir að lækka laun verkamanna en með órofa samstöðu sigruðu verkalýðssamtökin og komu í veg fyrir tilræðin og höfðu þó enga sjóði til að ganga í. Í dag leggst ASÍ-forystan gegn því að stjórnir lífeyrissjóða séu kosnar af sjóðfélögum beint og vill halda fulltrúum atvinnurekenda í stjórnun þeirra. Hvað skyldi valda?

Árið 2010 setti alþingi lög sem bönnuðu verkfall Flugvirkjafélags Íslands og hótaði Félagi Íslenskra Flugumferðastjóra sömu meðferð ef þeir hefðu sig ekki hæga. Í apríl 2014 bannaði Alþingi verkfall undirmanna á Herjólfu. Hver voru viðbrögð ASÍ við þessu? Nákvæmlega engin. Ekki svo mikið sem mjóróma mótmæli. Áður fyrr, eins og ég hef rakið að nokkru, voru verkalýðsforingjarnir þátttakendur í samfélagsumræðunni og að baki þeim stóð virk verkalýðshreyfing reiðubúin að knýja fram kröfur sínar með afgerandi hætti, m.ö.o. hún var baráttuhreyfing. Nú eru verkalýðsfélögin orðin að eins konar félagsmálastofnunum, sem ekki skal þó vanmetið. Sjúkrasjóðir, orlofshús og orlofsíbúðir vítt um land, náms- og ferðastyrkir af ýmsum toga, þar með talinn sá ríflegasti ætlaður í

hinstu ferð hvers félagsmanns og jafnframt þá stystu. Meira að segja námskeið í jólaföndri eru í boði.

En batnandi mönnum er best að lifa. Eftir meira en fjögurra áratuga stéttasamvinnu tók forysta 16 af 19 verkalyðsfélögum í Starfsgreinasambandi Íslands á sig rögg og efndi til kosninga innan félaganna með eða móti verkfallsaðgerðum, sem áttu að hefjast 10. apríl ef samþykkt yrði. En þá kom babb í bátinn. Félagsdómur ógilti kosningarnar, þær skyldu endurteknar. Verkfallsaðgerðirnar frestuðust í 20 daga og hófust í gær. Það er betra að lesa löginn um stéttarfélag og vinnudeilur áður en lagt er í hann. Félögin í Starfsgreinasambandinu, sem eru ekki með í verkfallsaðgerðum hinna 16 og kalla sig Flóabandalagið ætla svo að láta til sín taka síðar í þessum mánuði og einnig VR, fjölmennasta félag innan ASÍ með 30 þúsund félaga. BHM heldur áfram verkföllum í maí og fleiri félag bætast við. Um 70 þúsund manns verða í verkföllum í maí ef ekki semst.

En verkföll eiga ekki bara að snúast um kaup og kjör. Hvert verkfall á líka að vera launafólki skóli til þess að opna augu þess fyrir innsta eðli þess þjóðskipulags, sem það býr við. Hjá Vinnuálastofnun var skráð atvinnuleysi 3,6% um miðjan febrúar sl. og er hvergi minna í allri Evrópu - en bókhaldið er falsað. Atvinnulausum með bótarétt fækkaði en einstaklingum, sem fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum fjölga. Eftir tveggja og hálfis árs veru á atvinnuleysisbótum missa menn bótaréttinn en hann var þrjú ár þar til í fyrra þegar ríkisstjórnin ákvað þessa breytingu. Svona er hægt að lækka tölu atvinnulausra í landinu.

En hvernig er ástandið innan ESB í atvinnuárum? Ef litið er til allra 28 ríkja þess var atvinnuleysið 11,3% um miðjan febrúar sl., minnst í Þýskalandi og Austurríki en mest í Grikklandi og á Spáni. Þetta má lesa af vef Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins. Þetta þýðir að meira en 24 milljónir manna búa þar við 100% atvinnuleysi - og það er meira blóð í kúnni. Meira en 26 milljónir barna lifa við fátækt eða á fátæktarmörkum í ESB samkvæmt tveggja ára gamalli skýrslu frá Barnaheillum, sem er aðili að alþjóðlegu samtökunum Save the Children, og skv. nýjum upplýsingum hefur ástandið lítið skánað síðan. Á Íslandi leituðu yfir 3000 manns á höfuðborgarsvæðinu aðstoðar hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og Fjölskylduhjálpi Íslands fyrir síðustu jólin vegna atvinnuleysis og fátæktar, ekki síst barnmargar fjölskyldur. Atvinnuleysi er eitt af birtingarformum kapítalismans. Auðstéttin verður sjálf að ala önn fyrir sívaxandi fjölda þræla sinna í stað þess að þeir ali önn fyrir henni.

Það er dapurlegt til þess að hugsa að fjöldi fólks, þar á meðal yfirlýstir vinstri menn, skuli vilja afhenda skrifræðinu í Brussel íslensk gögn og gæði og að uppistaðan í pólitískum málflutningi þeirra á vefmiðlum sé orðin að skætingi og skítkasti um íslenska ráðamenn og forsetann vegna ESB afstöðu þeirra.

Ef allt þetta fólk fær í gullsölum himnanna gist, sem gerir sér mat úr að nugga sér utan í Krist, þá hlýtur sú spurning að vakna hvort mikils sé misst ef maður að síðustu lendir í annarri vist.

Svona orti nú prófessr Jón Helgason af öðru tilefni - en skyldu þó.

Og það er margt fleira sem er vægast sagt dapurlegt. Sýrlendingar og Írakar berjast af öllum mætti gegn Isis - skrymslinu, sem vesturveldin hafa magnað gegn þeim. Líbía logar stafna á milli eftir innrásarstríð NATO. Í Nígeríu ríkir sannkölluð morðöld, þar sem þúsundir eru myrtar. Mannskæðar loftárásir Saudi-Araba og bandamanna þeirra eru gerðar á helstu borgir í Jemen, einkum að næturlagi þegar óbreyttir borgarar eru hvað varnarlausastir. Gasasvæðið í Palestínu er sprengt aftur á steinöld af Ísraelum með tilheyrandi blóðbaði, friður er ekki í sjónmáli í Afganíastan, þúsundir flóttamanna hafa drukkað í Miðjarðarhafi og ekkert lát virðist vera á, enda kann ESB engin ráð til að bregðast við vandanum.

Og nú eru Bandaríkin, Evrópusambandið og NATO, þessi þrenning, sem kallar sig alþjóðasamfélagið, komin í efnahagslegt stríð við Rússland. Bandaríkin áttu frumkvæðið og Evrópuríkin fylgdu í kjölfarði í halarófu að venju. Ísland veitir virkan stuðning eins og hin

Norðurlöndin. Utanríkisráðherra síendurtekið til Úkraínu til að sýna stuðning sinn við stjórnvöld þar og lofar auknum fjárveitingum til NATO. Valdarán, einkum í fyrrum Sovétlýðveldum, kallast litabyltingar og ganga þannig fyrir sig að grafið er undan óæskilegum stjórnvöldum með því að bera fé á óánægða hópa og samtök innan viðkomandi landa, sem CIA, bandaríska leyniþjónustan, hefur lagt blessun sína yfir. Þekktastar þessara litabyltinga eru rósabyltingin í Georgíu 2003 og appelsínugula byltingin í Úkraínu 2004. Sú appelsínugula misheppnaðist raunar með öllu og því var reynt aftur 2014, tíu árum síðar, og þá tókst betur til. Á fundi hjá bandaríska olúfyrirtækinu Chevron upplýsti Victoria Nuland, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, að Bandaríkjastjórn hefði eytt 5 milljörðum dollara í að koma stjórnvöldum í Úkraínu frá völdum. Og í frægu símtali við Geoffrey Pyatt, bandaríska sendiherrann í Úkraínu, sem lak út, afhjúpaði Nuland bandarísk plön um nýja stjórn í Úkraínu. Föðurlandsflokkurinn átti að fá völdin í bandalagi við tvo nýnasistahópa, Svoboda og Richt Sektor, án þess þó að þeir fengju sæti í nýju stjórninni. Sendiherrann og hans hjálpakokkar brugðu skjótt við, fjármögnuðu og skipulögðu fjöldamótmæli og eftir nokkurn tíma var valdaránið í höfn. Örlitlum skugga brá þó á aðgerðirnar þegar leyniskyttur úr nýnasistahópunum skutu 94 menn, bæði mótmælendur og lögreglumenn á Maidentorginu í Kiev og brenndu 45 mótmælendur inni í Odessa, svona til að magna upp ástandið. Engum sögum fer af því hvort inhverjir verði látni svara til saka fyrir ódæðin, enda áttu samherjar nýju stjórnarinnar í hlut. Með því að hlutast til um málefni Úkraínu á gróflegan hátt gengu Bandaríkin og hin NATO-ríkin skrefi lengra en nokkru sinni áður. Með vopnuðu valdaráni komu þau til valda í rússneska hlaðvarpanum ríkisstjórn, sem er a.m.k. hálfvasísk og sérlega Rússlandsfjandsamleg í þeim tilgangi að koma Úkraínu inn í vestræna hernaðarkerfið og fjölga herstöðvunum, sem nú þegar umlykja Rússland og Kína. Þarf engan að undra þó Rússum sé nóg boðið að því svo viðbættu að nýja stjórnin lýsti úkraínsku opinbert tungumál landsins og öll rússneska allt að því bönnuð þótt meirihluti íbúanna í austustu héruðum landsins, Donetsk og Lúhansk að ógleymdum íbúum Krímskaga, séu rússneskumælandi.

Heimastjórn Krímskaga ákvað að reka úkraínska herinn burt af skaganum og efna til allsherjaratkvæðagreiðslu meðal íbúanna um stöðu skagans. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra lýsti yfir að þeir vildu ekkert með nýju stjórnina í Kiev hafa að gera, heldur tengjast aftur sinni eigin meira en 200 ára sögu og menningu. Í kjölfarið yfirtóku svo Rússar Krímskaga. Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Á vettvangi SÞ og í fjölmiðlum lýstu nýskipuð stjórnvöld í Úkraínu því yfir að rússneskt 16 þúsund manna herlið hefði tekið skagann. Svo vill til að 16 þúsund manna rússneskt herlið er og hefur verið á Krímskaga frá 1991 samkvæmt samkomulagi við Úkraínustjórn í tengslum við aðalflotastöð Rússa við Svartahaf, sem er á Krímskaga og hefur verið síðan á 19. öld. Þess má geta að OECD, efnahags- og þróunarstofnunin, fann ekkert athugasvert við atkvæðagreiðsluna á Krímskaga.

Það voru hersveitir Katrínar II, Rússadrottningar, jafnan kölluð hin mikla og ríkti í Rússlandi 1762-1796, sem unnu Krímskaga undir Rússa árið 1783 og reyndar alla norðurströnd Svartahafs. Landið var þá leppríki Tyrkja en íbúarnir flestir Rússar. Eftir það tilheyrði skaginn Rússlandi til 1954 er Sovétstjórnin að undirlagi Úkraínumannsins Nikita Krutchevs tróð honum inn í Úkraínu án þess að spyrja íbúana álits. Þá var Úkraína eitt af 15 sambandslýðveldum Sovétríkjanna og stóð svo til 1991. M.ö.o. frá 1783 til 1991 eða í 208 ár var Krímskagi hluti af rússneska ríkinu ásamt austurhéruðum Úkraínu þar sem barist hefur verið að undanfögnu og sér ekki fyrir endann á. Á leiðtogafundi NATO í Bretlandi 4.-5. september sl. átti að skapa aðstæður fyrir nánari tengingu Úkraínu við NATO. Sú varð og raunin. Hnis vegar settu miklar ófarir Úkraínuhers fyrir aðskilnaðarsinum í austurhéruðunum mark sitt á fundinn. Borgararstríð, klofið land og óskýr landamæri útiloka a.m.k. fulla NATO-aðild Úkraínu í bili. Úr því skal bætt. Nýjustu fregnir herma að kominn sé 300 manna sveit bandarískra fallhlífahermanna til Úkraínu til að þjálfa Úkraínuhers til að hefna ófaranna í austurhéruðunum.

Í dag er Rússland í herkví og Kína raunar líka. Eftir 2000 hafa Bandaríkin og NATO komið upp kjarnorkuvopnaskotþöllum í Póllandi, Tékklandi, Rúmeníu og Búlgaríu. NATO-herstöðvar eru í Eystrasaltsríkjunum og öllum fyrrverandi Mið-Asíulýðveldum Sovétríkjanna. Afleiðing þessa alls er að nú er ófriðvænlegra í Evrópu en í áratugi.

Kapítalisminn með sinni heimsvaldastefnu verður að falla til að mannkynið megi lifa. Eins og sakir standa er bara til von.

Á umliðnum árum hefur NATO og hernaðararmur ESB staðið fyrir umfangsmiklum heræfingum í Norður-Svíþjóð og við norðausturströnd Noregs og á sama tíma Bandaríkin og Kanada á hafinu norður af Alaska, norðvesturleiðinni svonefndu. Höfuðstöðvar norska hersins hafa verið fluttar frá Stafangri til Bodö, þ.e. norður fyrir heimskautsbaug og Danir hafa styrkt gömlu Thule-herstöðina á Grænlandi og komið þar upp stjórnstöð og viðbragðsveitum í samráði við NATO. Svar Rússa við þessu brambolti öllu voru heræfingar á norðurslóðum, sem nýlokið er við. Og varnarmálaráðherrar Norðurlandanna fóru á límingunum. Sameinaðir ætla þeir að standa því Rússarnir eru að koma. Íslenski varnarmálaráðherrann lofar fjárframlögum að vanda en mestur belgingurinn er í frændum vorum Norðmönnum. Enda von. Rússarnir hafa nefnilega einu sinni komið til Noregs. Það var þegar þeir gjörsiguðu þýsku nasistaherina í Norður-Noregi en þeir fóru líka strax í stríðslok. Það er víst ekki hægt að velja sér frændur.